

Frumvarp til laga

um

viðauka við toll-lög fyrir Ísland 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

1. gr.

Auk tollgjalda þeirra, sem ákveðin eru í 1. gr. toll-laganna 11. júlí 1911, skal greiða aðflutningsgjald af vörum þeim, er taldar eru hjer á eptir, þegar þær flytjast til landsins:

1. allskonar vefnaðarvöru; þar til telst hverskyns ólin, þrjónuð, eða á annan hátt unnin álnavara úr silki, silkiblendingi, ull, hári, hör, baðmull, eða þesskonar vefjarefnum, dúkar, borðar, bendlar, blúndur, kniplingar, gúmmiborin efni og sjerhvað annað, er ætlað er til fatnaðar, eða húsgagnaklæðslu. Undanþegnar tollgjaldi eru þó gólfmottur úr manillahampi, kókosstágum eða öðru líku efni, gólfvaxdúkar, línóleumsdúkar, sjúkraumbúðir, umbúðastrigi og segldúkur, sem alment er hafður til segla á fjögramannaförum eða stærri skipum,
2. allskonar tilbúnum fatnaði úr hverskonar vefnaðarvöru, skinni eða öðru, sem til klæðnaðar er haft, bæði ígangsklæði, nærklæði og yfirhafnir. Hjer til teljast allskonar höfuðföt, karla og kvenna, allskonar hálsbúnaður, flibbar, brjóst, slipsi, handstúkur (manchettur), sjól, treflar o. s. frv., glófar úr skinni og öðru efni, legghlífur og ennfremur allskonar skófatnaður, úr hverju efni sem er, og hvort sem hann er tilbúinn að öllu leyti eða aðeins nokkru. Innflutningsgjaldið er 10 aurar af hverri krónu af innkaupsverði vörunnar.

2. gr.

Til þess að ákveða gjaldið skal farið eptir rjettum innkaupsreikningi (faktúra) yfir hinar tollskyldu vörur, í sambandi við vöruskrá skipsins, tilvísunarbrjef eða önnur skjöl, er snerta þær, svo og rannsókn á vörunni sjálfri, og skal viðtakandi jafnan skyldur til, án sjerstakrar ákvörðunar lögreglustjóra (sbr. 5. gr. toll-laganna), að láta löggiltum umboðsmönnum hans og tollgæzlumönnum reikninga sína í tje til afnota á staðnum við ákvörðun gjaldupphæðarinnar, auk vottorða þeirra, er nefnd grein gerir ráð fyrir og heimtuð kunna að verða, og er kaupmönnum skylt að sýna þeim verzlunarbækur sínar í þessu skyni ef þess er óskað.

3. gr.

Allar þær vörur, sem um ræðir í þessum lögum, skulu háðar sjerstöku tolleptirliti, hvort sem þær flytjast sem vanalegt flutningsgóss, farþegaflutningur eða póstsendingar.

Fyrir Reykjavíkur lögsagnarumdæmi skal í þessu skyni skipa sjerstakan tollgæzlustjóra. Hann hefur á hendi á eigin ábyrgð innheimtu tollgjalda þeirra, er um ræðir í 1. gr. og til falla í Reykjavík, og annast þar eptirlit það með innflutningi hinnar tollskyldu vefnaðarvöru og tilbúins fatnaðar, sem lög þessi gjöra ráð fyrir. Ennfremur getur lögreglustjóri falið honum eptirlit með innflutningi annarar tollvöru, er hann innheimtir toll af (sbr. 7. gr.). Hann skal hafa að árslaunum 3000 krónur úr landssjóði. Stjórnarráðið skipar hann og setur honum erindisbrjef, þar er starfssvið hans er nánar markað. Veð ber honum að setja eptir ákvörðun stjórnarráðsins fyrir gjaldheimtun þeim, er honum er trúað fyrir.

Til aðstoðar tollgæzlustjóra löggildir stjórnarráðið 3 tollgæzlumenn fyrir Reykjavíkur umdæmi, og skulu þeir tilnefndir af tollgæzlustjóra í samráði við lögreglustjóra. Til launa þeim og til skrifstofuhalds má verja alt að 10% af hinum innheimta tolli af vefnaðar- og fatnaðarvöru í umdæminu.

Í öllum lögsagnarumdæmum utan Reykjavíkur hafa lögreglustjórar innheimtuna, og tolleptirlitið samkvæmt lögum þessum, á hendi, og ber þeim að hafa löggilta tollgæzlumenn eptir fyrirmælum stjórnarráðsins, til þess að framkvæma vörurannsóknir og tolleptirlit fyrir þeirra hönd, bæði á innflutningsstöðum og á pósthúsum eptir því sem lög þessi greina. Fyrir innheimtuna ber þeim 2% af hinni innheimtu tollupphæð. En auk þess mega þeir verja alt að því 10% af upphæð innheimts vefnaðarvöru- og fatnaðartolls til þóknana handa tollgæzlumönnum. Allir starfsmenn, sem nefndir eru í þessari grein, eru skyldir til að þegja yfir því, sem þeir hafa komið að við framkvæmd starfsins, nema við rjetta hlutaðeigendur. Stjórnarráðið ákveður með reglugerð starfssvið tollgæzlumanna bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur.

4. gr.

Áður en vörur, sem tollskyldar eru samkvæmt lögum þessum, eru afhentar viðtakanda (sbr. 4. gr. toll-laganna), skulu tollgæzlumenn skoða vörusendingarnar eða pósthöggla, og bera innihald þeirra saman við vöruskrár eða innkaupsreikninga. Pósthöggla má eigi afhenda af pósthúsinu, fyrr en tollskoðun hefur farið fram. Nú eru slíkar vörur samt afhentar viðtakanda áður en hann hefur fengið vottorð tollgæzlumanns um það, að skoðun hafi fram farið, og fullnægjandi ráðstöfun um tollgreiðsluna verið gjörð, og má hann þá ekki opna umbúðir um þær, nje taka til neinskonar nota, innihald slíkrar vörutegundar, fyrr en tollskoðun hefur fram farið og tollgæzlumaður sett á sendinguna toll-launarmerki. Komi tollskyld vara fram í vörusending eða böggli, þar sem viðtakandi átti hennar ekki von, skal hann skyldur til að skýra tollgæzlumanni eða lögreglumanni frá því þegar í stað, og láta tollvöruna óátækna þar til er tollskoðun hefur fram farið, enda skal tollgæzlumönnum jafnan skylt að framkvæma tollskoðun í síðasta lagi innan þriggja náttu, eptir að viðtakandi hefur sýnt innkaupsreikning eða tilkynnt móttöku.

5. gr.

Nú vantar innkaupsreikning yfir aðflutta vöru, tollskylda samkvæmt lögum þessum, eða slík vara er send að gjöf, að ótilgreindu verðmæti, og má viðtakandi þá velja um, hvort hann vill leggja vöruna í tollgeymslu undir innsigli tollgæzlunnar (sbr. lög um tollvörugæymslu og tollgreiðslufrest 16. nóv. 1907), þar til er fullnægjandi skilríki eru fengin frá sendanda um verðmæti vörunnar eða greiða gjaldið eptir mati. Velja má viðtakandi um það, hvort hann kys mat tollgæzlumanns, er honum skal kostnaðarlaust, eða mat tveggja dómkvaddra manna á hans eigin kostnað.

Nú er vara lögð í tollgeymslu sakir vantandi verðskilríkja, og fullnægjandi skilríki ókomin innan lögmæltis tollgreiðslufrests, og skal varan þá sett til uppboðs, er auglýst sje og framkvæmt samkvæmt 8. gr. toll-laganna. Þegar verðið þannig er ákveðið með uppboði, skal tollgjaldið vera $\frac{2}{10}$ af uppboðsverðinu að uppboðskostnaði frádrögnum. Sama tollgjald skal greiða þegar sjóskemdar vörur af þessu tagi eru seldar á uppboði (sbr. 9. gr. toll-laganna).

6. gr.

Á vöruskrám og farmskírteinum skal tilgreina stykkjatal og þyngd tollvöru þeirrar, er um ræðir í lögum þessum (sbr. að öðru leyti 6. gr. toll-laganna). Nú virðist tollgæzlumönnum ástæða til að álíta, að innkaupsverð sje tilgreint lægra á faktúru, heldur en varan í raun og veru hefur kostað innflytjanda, og mega þeir þá ákveða, að varan sje lögð í tollgeymslu svo langan tíma, að nægi til þess að leita nýrra upplýsinga frá sendanda. Nú eru fullnægjandi upplýsingar eigi komnar innan þriggja mánaða, og getur þá lögreglustjóri, eða í Reykjavík tollgæzlustjóri, með bókfærðri fyrirskipun ákveðið, að þá vöru megi viðtakandi ekki selja með meira álagi en nemur 50% af innkaupsverði því, sem hann hefur tilgreint. Skal þá auðkenna vörupakkann eptir því, sem reglugerð nánar ákveður, og varðar sektum sem fyrir tollsvik, ef af er tekið svo, að brotið sje á móti ákvörðun þessari.

7. gr.

Fela má lögreglustjóri tollgæzlumönnum í Reykjavík og utan Reykjavíkur eptirlit með innflutningi annarar tollvöru, auk vefnaðarvöru og fatnaðar, og má þá greiða þeim í þóknun 8% af tolli af þeim vörum, sem ekki standa á tollskrá eða vöruskírteinum, er lögreglustjóri fær til að innheimta eptir, og tollgæzlumenn vekja athygli lögreglustjóra á, áður en lögleg grein er gerð af viðtakanda. Auk þess ber þeim helmingur sekta fyrir tollsvik, er þeir koma upp.

8. gr.

Hin almennu ákvæði toll-laganna 11. júlí 1911 gilda einnig um innflutning vefnaðarvöru og fatnaðar, að svo miklu leyti, sem ekki eru gefnar sjerstakar reglur í þessum lögum. Um brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga, gilda sömu hegningarákvæði og toll-lögin leggja við samskonar brotum. Brot gegn þeim, sem ekki verða heimfærð undir hegningarákvæði toll-laganna eða önnur lagaákvæði, varða 50—500 króna sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta visast til þess, sem sagt er í athugasemdum við frumvarp til laga um einkarjett og einkaleyfi til kolaverslunar á Íslandi.
